

Skýrsla

innviðaráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022–2036.

Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 var unnin skv. lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015. Vinna við endurskoðun áætlunarinnar hófst sumarið 2020 og fólst m.a. í viðtæku samráði við haghafa um land allt. Þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2022-2026 var samþykkt einróma á Alþingi í júní 2022.

Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir féllu úr gildi 2023 en þau kváðu á um að ráðherra skyldi á a.m.k. þriggja ára fresti leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára ásamt fimm ára aðgerðaáætlun. Ný lög, nr. 30/2023, um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála fela í sér að ráðherra leggi fram á Alþingi á hverju kjörtímabili tillögu til þingsályktunar um byggðastefnu til 15 ára og samhliða því aðgerðaáætlun til fimm ára.

Í 13. gr. laga nr. 106/1999 um Bygðastofnun segir að ráðherra skuli gefa Alþingi árlega skýrslu um framvindu byggðaáætlunar. Í þessari skýrslu er leitast við að upplýsa um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar frá gildistöku hennar árið 2022 til ársloka 2024. Upplýsingar um stöðu hverrar aðgerðar er jafnframt að finna á vef innviðaráðuneytisins.

I. Markmið, áherslur og mælikvarðar.

Í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir var kveðið á um að byggðaáætlun skuli hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skyldi leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Í byggðaáætlun eru sett fram 51 áhersla sem skiptast milli markmiðanna þriggja. Áherslurnar komu fram eftir samráð við sveitarfélög, landshlutasamtök þeirra, ráðuneyti og aðra haghafa. Flestar leiða áherslurnar til beinna og skilgreindra aðgerða, en aðrar eru til samhæfingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum til að stuðla að því að framangreindum markmiðum byggðaáætlunar verði náð. Við hvert markmið eru þrjú mælikvarðar, alls níu mælikvarðar.

Mælikvarðar eru mikilvægt tæki til að meta og mæla árangur áætlunarinnar. Bygðastofnun hefur lagt mikla áherslu á að safna gögnum og gera þau aðgengileg á vef sínum. Þannig hefur opinber þjónusta verið kortlögð og er þjónustukort aðgengilegt á netinu (www.þjónustukort.is) á íslensku, ensku og pólsku. Kortið nýtist sem mælikvarði á framgang aðgerða samkvæmt markmiðum byggðaáætlunar um að jafna aðgengi að þjónustu. Kortið hefur einnig reynst sveitarfélögum, verkfræðistofum og öðrum þeim er vinna að skipulagsmálum og kortlagningu á einstökum svæðum vel.

Þá hefur Bygðastofnun unnið að því að bæta aðgengi að ýmsum byggðatengdum upplýsingum með mælaborðum sem eru birt á vef stofnunarinnar. Mælaborðin sýna m.a.

íbúafjölda og kynja- og aldursdreifingu eftir svæðum, fasteignagjöld og orkukostnað heimila um allt land. Fjölda stöðugilda á vegum ríkisins, húsnæði fyrir óstaðbundin störf og atvinnutekjur eftir svæðum og niðurstöður íbúakönnunar landshlutanna. Mælaborðin gera notendum kleift að greina stöðu svæða á einfaldan, fljótlegan og myndrænan hátt.

II. Samhæfing við aðrar opinberar áætlanir.

Byggðastefna hefur snertifleti við flesta málaflokka hins opinbera. Öll ráðuneyti hafa beina aðkomu að byggðaaætlun og ber hvert þeirra ábyrgð á a.m.k. einni aðgerð. Byggðaaætlun gegnir þannig samhæfingarhlutverki sem felur í sér að hafa áhrif á aðrar opinberar áætlanir og draga fram byggðasjónarmið við gerð og framkvæmd þeirra, til dæmis með fjárframlagi. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál hefur það hlutverk að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála, ásamt því að samhæfa byggðamál annarri stefnumótun og áætlanagerð þannig að horft verði heildstætt til byggðaðróunar.

Sóknaráætlanir landshluta eru mikilvægur þáttur í samspili við byggðaaætlun. Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og þar með sveitarfélögin sjálf eru í vaxandi mæli þátttakendur við mótun og framkvæmd byggðaaætlunar.

Þessi mikla áhersla á samráð og samhæfingu við aðrar opinberar áætlanir hefur stuðlað að því að framkvæmd byggðaaætlunar gengur vel. Sjálf byggðaaætlunin er aðeins hluti af byggðastefnu stjórnvalda. Aðrar stefnur, svo sem stefnur á sviði samgangna-, mennta-, heilbrigðis-, atvinnu-, húsnæðis- og loftslagsmála, hafa jafnvel enn meiri áhrif þegar kemur að byggðaðróun í landinu. Með því að samhæfa byggðaaætlun öðrum áætlunum fæst aukinn kraftur í framkvæmd þeirra um leið og stuðlað er að því að byggðasjónarmið verði höfð að leiðarljósi við framkvæmd annarra áætlana.

III. Framvinda aðgerða.

Innviðaráðuneyti leggur mikla áherslu á skilvirka framkvæmd og eftirfylgni byggðaaætlunar. Jafnframt er lögð áhersla á að almenningur geti fylgst vel með stöðu og framgangi einstakra aðgerða á vef ráðuneytisins. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál og byggðamálaráð eru virkir aðilar í ferlinu, en það er fastur dagskrárliður á fundum beggja hópa að gera grein fyrir framkvæmd byggðaaætlunar.

Í byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 eru settar fram 44 aðgerðir sem hver um sig tengist minnst einu þriggja markmiða áætlunarinnar. Markmið eru skilgreind við hverja aðgerð ásamt stuttri lýsingu. Fram kemur hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmdinni, hver er framkvæmdaðili og fjárhæð af byggðaaætlun til hverrar aðgerðar. Þá er gerð grein fyrir tengingu við aðrar opinberar stefnur/áætlanir, sem og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Fjármögnun aðgerða er þriðþætt. Í fyrsta lagi eru aðgerðir sem eingöngu eru fjármagnaðar af byggðalið innviðaráðuneytisins. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna *Verslun í dreifbýli* (A.9) og *Brothættar byggðir* (C.2). Í öðru lagi er um samfjármögnun að ræða, sem felur í sér að fjármagn kemur annars vegar af byggðalið og hins vegar frá viðkomandi ráðuneyti. Dæmi um slíkar aðgerðir eru *Fjarheilbrigðisþjónusta* (A.5) og *List fyrir alla* (C.15). Í þriðja lagi eru aðgerðir sem fjármagnaðar eru að öllu leyti af viðkomandi ráðuneyti. Dæmi um slíkar aðgerðir eru *Jöfnun orkukostnaðar* (A.2) og *Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög* (C.10).

Samkvæmt þingsályktuninni er áætlað að verja alls um 3,3 milljörðum af byggðalið fjárlaga (fjárlagaliður 10 701 1.10) á tímabilinu 2022–2026. Ekki er um heildarkostnað að ræða við framkvæmd áætlunarinnar, en sem fyrr segir leggja önnur ráðuneyti, sveitarfélög og einkaaðilar til fjármagn til einstakra aðgerða.

Í viðauka sem fylgir skýrslu þessari er tafla með upplýsingum um allar 44 aðgerðirnar. Þar kemur m.a. fram markmið hverrar aðgerðar, hvað hefur verið gert og hve miklu fjármagni hefur verið varið af byggðalið árin 2022-2024, sem og áætlað framlag 2022-2026 skv. þingsályktun. Allar aðgerðir eru þegar komnar til framkvæmda og níu aðgerðum er þegar lokið.

IV. Mat Byggðastofnunar.

Byggðamál eru í eðli sínu breiður málaflokkur og gengur þvert á flesta ef ekki alla málaflokka Stjórnarráðsins sem endurspeglast byggðaáætlun þar sem öll ráðuneyti eru með ábyrgð á a.m.k. einni aðgerð. Það er mat Byggðastofnunar að vel hafi tekist til við framkvæmd byggðaáætlunarinnar en enn er of snemmt að leggja heildarmat á framvindu hennar nú þegar framkvæmdatími er einungis hálfnaður. Engu að síður eru nú þegar hægt að merkja margvísleg jákvæð áhrif af framgangi aðgerða. Til að nefna nokkur dæmi hefur ákvörðun innviðaráðherra frá því október 2024 um að veita allt að 150 m.kr. til að fjölga óstaðbundnum störfum (*B.7. Óstaðbundin störf*) þegar skilað árangri. Um 5% fjármagnsins var ráðstafað rúmum mánuði síðar til að fjölga opinberum störfum um fimm í byggðum landsins sem annars hefðu verið unnin á höfuðborgarsvæðinu.

Opinber grunnþjónusta er mikilvægt byggðamál og fyrir tilstilli tveggja aðgerða, *A.15. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis* og *A.16. Kostnaðargreining þjónustusóknar*, hefur annars vegar opinber grunnþjónusta verið skilgreind eftir opið samráðsferli og hins vegar hefur verið hannað líkan til að greina kostnað vegna þjónustusóknar íbúa í byggðum landsins vegna heilbrigðisþjónustu. Líkanið greinir kostnað niður á póstnúmer. Þar með er orðið til greiningartæki sem hægt er að nota í stefnumótun um jöfnun aðgengis að heilbrigðisþjónustu til að mæta þörfum íbúa eftir svæðum. Líkanið er hægt að yfirfæra yfir aðra þjónustuþætti með þeim fyrirvara að nægilega góð gögn séu til staðar.

Vert að nefna að aðgerð *A.6. Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði* varð til þess heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp sem skilaði tillögum um beitingu ívilunarheimilda Menntasjóðs námsmanna og í framhaldi var unnin svæðaskilgreining á grundvelli 1.mgr. 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna um beitingu sérstakra ívilnana vegna námsgreina á sérstökum svæðum. Þar með hafa skilyrði laganna fyrir því að sveitarfélög geti sótt um ívilnun vegna mönnunar tiltekinna starfsstétta heilbrigðisstofnana verið uppfyllt. Hins vegar hefur fjármagn ekki verið aukið til Menntasjóðs námsmanna til að standa undir ívilnuninni og hvetur Byggðastofnun til þess að úr því verði bætt í næstu fjárlögum.

Byggðastofnun telur þau markmið stjórnvalda í byggðamálum sem fram koma í byggðaáætlun, að jafna aðgengi að þjónustu, að jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt, mjög mikilvæg og skapa öllu starfi að byggðamálum í landinu skýrar forsendur. Helstu áskoranir á sviði byggðaþróunar hafa verið fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tækniþróun, samspil þéttbýlis og dreifbýlis, uppbygging innviða, umhverfis- og loftslagsmál og samkeppnishæfni. Lykilviðfangsefni byggðaáætlunarinnar miða að því að takast á við þessar áskoranir sem byggja á áherslum sem fram komu í því mikla og breiða samráði sem haft var við gerð hennar. Framsetning áætlunarinnar er skýr, hún dregur fram áskoranir og hvaða verkefna sé þörf, áætlunin er aðgerðadrifin og hefur ákveðna breidd sem lýsir sér í því að flest öll ráðuneyti eru ábyrgðaraðilar einhverra aðgerða í áætluninni. Helsti veikleiki byggðaáætlunar er að í mörgum tilvikum er fjármögnun aðgerða ekki skilgreind nema að því marki sem hún kemur af fjárlagalið byggðaáætlunar. Það mætti því gera betur í því að virkja aðkomu ráðuneyta að framkvæmd og fjármögnun einstakra aðgerða byggðaáætlunar.

Viðauki – Framkvæmd aðgerða

A. Jafna aðgengi að þjónustu

A.1 Háhraðatengingar – Ábyrgð: HVIN			
Markmið: Að öll lögheimili og vinnustaðir eigi kost á háhraðanettengingu um ljósleiðara.	Staða - lokið: Með stuðningi byggðaáætlunar og fjarskiptasjóðs lauk ljósleiðaravæðingu í dreifbýli árið 2021. Vorið 2024 lá fyrir hvaða lögheimili í öllu þéttbýli landsins fjarskiptafyrirtækin hugðust tengja á markaðsforsendum. Eftir stóðu 4.438 heimilisföng, með einu eða fleiri lögheimilum, í 48 sveitarfélögum. IRN og fjarskiptasjóður sendu þeim sveitarfélögum sameiginlegt tilboð um styrk, sem 25 sveitarfélög þáðu og nýttast mun 4.251 heimilisfangi fyrir árslok 2026, gangi öll uppbygging eftir. Jafnframt mun vinnustöðum í öllu þéttbýli bjóðast ljósleiðaratenging samhliða tengingu lögheimila, þó að ríkið styðji ekki þá framkvæmd. Ráðherrar byggðamála og fjarskipta staðfestu samninga fjarskiptasjóðs og sveitarfélaga 19. september 2024.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 172 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 172 m.kr.
A.2 Jöfnun orkukostnaðar – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að orkukostnaður í dreifbýli og þéttbýli verði jafnaður, bæði hvað varðar dreifingu á raforku og húshitunarkostnað.	Staða – í vinnslu: Framlög af fjárlögum til jöfnunar orkukostnaðar árin 2022-2025 eru alls 19.848 m.kr. Aðgerðin er þríþætt. A) Framlög á fjárlögum til jöfnunar orkukostnaðar hafa hækkað úr 3.276 m.kr. árið 2018 í 5.209,5 m.kr. árið 2025 og fer meginhlutinn annars vegar til að niðurgreiða að fullu kostnað við hitun íbúðahúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma til jafns við kostnað notenda hjá dýrustu jarðvarmaveitunum og hins vegar til jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku í dreifibýli. B) Styrkjakerfi til kaupa á varmadælum og öðrum orkusparandi tækjabúnaði til húshitunar á rafhituðum svæðum hefur verið einfaldað og bætt. C) URN leitar leiða til að tryggja aukna jöfnun hvað varðar dreifingu raforku í dreifibýli.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 0
A.3 Bráðaviðbragð neyðarþjónustu – Ábyrgð: DMR og HRN			
Markmið: Að neyðarþjónusta verði bætt og öryggi aukið um land allt	Staða – í vinnslu: Unnin hefur verið greiningarvinna á vegum DMR og HRN sem fólst m.a. í að kortleggja fyrirkomulag og störf vettvangsliða um landið, og kanna viðhorf íbúa á landsbyggðinni til bráðaviðbragðs í nærumhverfi, sem nýttast mun við forgangsröðun. Til skoðunar er samstarf við Neyðarlínuna til að vinna umgjörð kringum vettvangsliða björgunarsveita. Forrituð hefur verið gátt fyrir ytri og innri aðila til að skrá inn upplýsingar um t.d. mikilvæga staði sem þarf að kortleggja. Unnið var með Samsýn og HMS að því að fá nákvæmar upplýsingar og hnitsetningar á mikilvægum stöðum. Í undirbúningi er	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 22 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 30 m.kr.

	vinna við umgjörð um vettvangsliða björgunarsveita sem áætlað er að ljúki árið 2025.		
A.4 Velferðarnet – Ábyrgð: FRN			
Markmið: Að heildstæð þjónusta á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála verði styrkt og aukin og ávinningur notenda af þjónustu ríkis og sveitarfélaga þannig aukinn.	Staða – í vinnslu: Árið 2024 hófst vinna á Vesturlandi sem snýr að því að þróa og innleiða samþætta heimaþjónustu sveitarfélaganna níu og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og ráðinn verður verkefnastjóri. Markmiðið er m.a. að auka skilvirkni, styrkja svæðisbundna stefnumótun og auka aðgengi að einstaklingsmiðaðri og heildstæðri þjónustu, óháð búsetu. Verkefninu er ætlað að jafna aðstöðumun íbúa og stuðla að félagslegu réttlæti. Tilgangurinn er að bæta lífsgæði íbúa, sérstaklega aldraðra og fólks með sértækar þjónustuþarfir. Árið 2024 var einnig áfram unnið að verkefninu Velferðarnet Suðurnesja þar sem unnið er að heilðrænni velferðarþjónustu á Suðurnesjum með því markmiði að styrkja og auka nýsköpun á grundvelli sjálfbærni í þjónustu við íbúa á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála hjá opinberum stofnunum á svæðinu.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 15 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 25 m.kr.
A.5 Fjarheilbrigðisþjónusta – Ábyrgð: HRN			
Markmið: Að aðgengi að heilbrigðisþjónustu verði aukið og bætt með nýsköpun og nýtingu tækni og fjarskipta við framkvæmd þjónustu.	Staða – í vinnslu: HRN hefur nýtt framlag byggðaáætlunar til að styrkja valin verkefni sem falla undir markmið og lýsingu aðgerðarinnar. Árið 2024 var kallað eftir verkefnatillögum frá stofnunum sem heyra undir HRN. Níu verkefnatillögur bárust frá sex stofnunum og byggist úthlutun á forgangsörðun í heilbrigðiskerfinu og ætlaðan ávinning af afurð verkefnanna. Samtals var ráðstafað 43,2 m.kr, þ.e. 23,2 m.kr. frá HRN og 20 m.kr. af byggðaáætlun. Fimm stofnanir hlutu styrki.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 60 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 100 m.kr.
A.6 Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði – Ábyrgð: HRN			
Markmið: Að aðgangur að ýmiss konar sérfræðiþjónustu óháð búsetu verði jafnaður.	Staða – í vinnslu: Í framhaldi af vinnu starfshóps heilbrigðisráðherra sem skilaði tillögum sumarið 2023 um beitingu ívilnanaheimilda í lögum um Menntasjóð námsmanna, til að auðvelda mönnum heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, hefur háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið fallist á skilgreiningu Byggðastofnunar á þeim svæðum sem til greina koma við beitingu þeirra við mönnum heilbrigðisstofnana. Heilbrigðisráðherra ræddi aðgerðina á fundi með forstjórum heilbrigðisstofnana haustið 2024, en meðal hlutverka heilbrigðisstofnana er að leggja mat á þörf íbúa heilbrigðisumdæmis fyrir heilbrigðisþjónustu og leggja fram áætlun um hvernig þeim þörfum skuli mætt. HRN hefur hvatt heilbrigðisumdæmin til að hafa frumkvæði að því að hefja samtal við sveitarfélög um möguleika á nýtingu ívilnanaheimilda heilbrigðisumdæmisins. Nú þegar liggja fyrir umsóknir sveitarfélaga hjá HVIN um beitingu ívilnana til mönnunar heilbrigðisstofnana og hefur ráðuneytið haft	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 2 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 2 m.kr.

	samband við Bygðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga og mun senda þeim innkomnar umsóknir vegna skýrslugerðar skv. 2. mgr. 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna.		
A.7 Nærþjónusta við innflytjendur – Ábyrgð: FRN			
Markmið: Að aðgengi innflytjenda að opinberri þjónustu um land allt verði bætt.	Staða – í vinnslu: Árið 2024 hélt fjölmenningsardeild Vinnumála- stofnunar sex fræðsluerindi fyrir sveitarfélög og stofnanir og verkefnastjóri innflytjendamála hélt tvo fundi með fjölmenningsfulltrúum sveitarfélaga. Ráðgjöf varðandi móttökuáætlanir var veitt til tveggja sveitarfélaga. Kortlagning á fjölmenningsarlegu starfi sveitarfélaganna hófst með könnun til fjölmenningsfulltrúa þeirra. Fjöldi sveitarfélaga sem hafa haldið námskeiðið „Fjölbreytnin auðgar“ var tekinn saman. Ráðgjöf var veitt til nokkurra stofnana s.s. Ríkislögreglustjóra, Landlæknis o.fl. Heimasíða fjölmenningsardeildar VMST www.mcc.is og síða VMST www.vnst.is voru tengdar saman og upplýsingar um atvinnuleit á Íslandi bætтар og veittar á fjölmörgum tungumálum. Hafin var þróunarvinna og samráð við ýmsa aðila s.s. ASÍ, Virk, Vinnueftirlitið, Jafnréttisstofu, SA, Eflingu, Reykjavíkurborg o.fl. sem koma að málefnum innflytjenda um framleiðslu á fræðslumyndböndum um fjölmenningu fyrir almenning, sveitarfélög og atvinnulífið.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 8 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 12 m.kr.
A.8 Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði – Ábyrgð: DMR			
Markmið: Að opinber þjónusta í héraði verði eflað, atvinnutækifærum fjölgað og ríkisrekstur bættur.	Staða – í vinnslu: Fyrri hluta árs 2024 hófst stefnumótunar- og greiningarvinna í málefnum sýslumanna, leidd af utanaðkomandi sérfræðingum með eftirfylgni skipaðs stýrihóps. Á grundvelli upplýsinga sem komu úr greiningum, viðtölum og tveimur vinnustofum með helstu haghöfum, er ætlunin að móta nýja framtíðarsýn fyrir sýslumannsembættin. Unnar voru greiningar á stjórnsýsluframkvæmd og rekstri embættanna í því skyni að styrkja starfsemina á landsbyggðinni og stuðla að hagkvæmari rekstri. Á árinu var unnið að flutningi verkefna til landsbyggða-embættanna, svo sem verkefni Innheimtu- stofnunar sveitarfélaga, eftirlit með persónulegum talsmönnum, skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum og sjóðum og stofnunum skv. staðfestri skipulagsskrá. Ákvörðun um staðarval byggðist á eðli starfsins, þ.e. hvort það væri staðbundið eða óstaðbundið, samlegð við önnur verkefni, sanngjarnri skiptingu og byggðasjónarmiðum. Áfram er unnið með verkþætti fyrri skýrslu.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 35 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 50 m.kr.
A.9 Verslun í dreifbýli – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að stutt verði við rekstur dagvöru- verslunar í minni	Staða – í vinnslu: Innviðaráðherra veitir styrki úr samkeppnissjóði til verslana á fámennum markaðssvæðum. Veitt var samtals 45 m.kr. til níu verslana árin 2022-	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 45 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 75 m.kr.

byggðarlögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.	2024. Í desember 2024 veitti ráðherra 17 m.kr. til sex verslana fyrir árið 2025.		
A.10 Almenningsamgöngur milli byggða – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að stutt verði við áframhaldandi þróun almenningsamgangna milli byggða, m.a. til að tengja ýmsa sérakstursþjónustu við almenningsamgöngur.	Staða – í vinnslu: Haustið 2021 voru veittir styrkir úr samkeppnissjóði að upphæð 36 m.kr. til sjö verkefna á sviði almenningsamgangna sem unnið var að á árinu 2022-2023. Vorið 2023 var auglýst að nýju og barst þá ein umsókn sem fékk tæplega 13 m.kr. styrk. Aðgerðin hefur verið í biðstöðu síðan vorið 2023 en ákvörðunar um framhaldið er að vænta.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 13 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 65 m.kr.
A.11 Heildstæð skólaþjónusta – Ábyrgð: MRN			
Markmið: Að heildstæð skólaþjónusta á leik- og grunnskólastigi á landsbyggðinni verði eflað og þróuð og samhæfð félags- og heilbrigðisþjónustu.	Staða – lokið: Í menntastefnu til ársins 2030 er kveðið á um uppbyggingu heildstæðrar skólaþjónustu á grundvelli þrepaskipts stuðnings til að tryggja jafnrétti til náms og þjónustu við nemendur óháð búsetu. Í apríl 2024 tóku gildi ný lög um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, sem er ný þjónustu- og þekkingarstofnun sem starfar í þágu barna og ungmenna. Stofnunin þjónustar leik-, grunn- og framhaldsskóla um land allt með áherslu á gæði menntunar og skólaþjónustu. Frumvarp um heildstæða skólaþjónustu var sett í samráðsgátt í lok febrúar 2024 og ráðuneytið hefur síðan unnið úr umsögnum og nánari útfærslu og ákvörðun um framhald málsins bíður nýrrar ríkisstjórnar. Unnið er að heildstæðri nálgun á svæðisbundna þjónustu í öllum landshlutum vegna þjónustu við börn og ungmenni í víðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hagaðila, m.a. með svæðisbundnum farsældarráðum.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 26 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 26 m.kr.
A.12 Jafnræði til náms – Ábyrgð: MRN			
Markmið: Að aðgengi verði aukið að kennurum með sérþekkingu í tilteknum faggreinum og á tilteknum námssviðum á grunn- og framhaldsskólastigi.	Staða – lokið: Sett hafa verið á fót umbótaverkefni sem miða að auknum gæðum náms og bættum stuðningi við börn og ungmenni. Efnt var til átaks sem leitt hefur af sér fjölgun útskrifaðra kennara. Aðgerðir til að auka hæfni kennara fela m.a. í sér birtingu nýs hæfniramma með viðmiðum um almenna og sérhæfða hæfni kennara og skóla- stjórnenda. MRN fjármagnar Menntafléttuna þar sem m.a. eru í boði rafræn starfsþróunar- námskeið fyrir fagfólk á öllum skólastigum um land allt.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 0
A.13 Starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla – Ábyrgð: FRN og HVIN			
Markmið: Að fagháskólanámi í leikskólafræðum verði komið á fót og það fest í sessi í öllum landshlutum og íslenskukunnátta starfsfólks leikskóla	Staða – lokið: Fagháskólanám fyrir starfsfólk leikskóla á vegum HÍ og HA í samstarfi við sveitarstjórnir víða um land var komið á fót haustið 2023. Um er að ræða 60 ECTS eininga nám sem styrkir faglega hæfni starfsfólks og býr það undir frekara nám til fullra kennsluréttinda í leikskólum. Námið er bæði í staðlotum og í	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 0

sem ekki hefur íslensku að móðurmáli verði eflid.	fjarnámi og fær starfsfólk stuðning vinnuveitenda, þ.e. þeirra sveitarfélaga sem gert hafa samning við háskólana, til þess að stunda námið með tilslökun frá vinnuskyldu. 89 nemendur voru skráðir í námið haustið 2024 og er ráðgert að fyrsti hópurinn útskrifist vorið 2025.		
A.14 Ráðstöfun fjármuna til grunnskóla – Ábyrgð: MRN			
Markmið: Að reglum um úthlutun og ráðstöfun fjármuna verði breytt þannig að horfið verði frá viðbragðsmiðuðum stuðningi og þess í stað lögð áhersla á snemmtækan stuðning og forvarnir	Staða – lokið: Samantekt með niðurstöðum umræðu- og kynningarfundu um nýskipan í úthlutun fjármuna til grunnskóla lá fyrir árið 2022. Ráðherra ákvað í byrjun árs 2023 að efna til fundaraðar sem miðar að áframhaldandi vinnu um úthlutun og ráðstöfun fjármagns sem styður betur við stefnumótun og starfshætti sem stuðla að menntun fyrir alla. Haldinn hefur verið 21 fundur í öllum landshlutum. Fundirnir hafa verið vel sóttir og haldnir í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands og Grunn, félag stjórnenda á skólaskrifstofum. Þess er vænst að sveitarfélög og grunnskólar nýti efni þeirra til frekari stefnumótunar og að Samband íslenskra sveitarfélaga styðji enn frekar við þá vinnu m.a. í tengslum við menntastefnu til 2030 og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 2 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 2 m.kr.
A.15 Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að aðgengi og þjónustustig opinberra grunnþjónustu verði jafnað með bættum aðstæðum og tæknilausnum.	Staða – í vinnslu: Haustið 2023 gaf IRN út leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir við mótun stefnu um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum fjarri stærstu byggðakjörnum, en skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn móta slíka stefnu samhliða fjárhagsáætlun. Í nóvember 2023 til febrúar 2024 voru drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, ásamt greinargerð, lögð fram í samráðsgátt. Skilgreiningin er m.a. ætluð stjórnvöldum, ríki og sveitarfélögum, til leiðbeiningar við stefnumótun, framkvæmd stefna og við mat á áhrifum lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla eða stefnumarkandi ákvarðana hins opinbera. Gera má ráð fyrir að aðgerðinni ljúki fyrri hluta árs 2025 með útgáfu leiðbeininga.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 2 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 2 m.kr.
A.16 Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að heildarkostnaður vegna þjónustusóknar verði greindur.	Staða – í vinnslu: Hönnuð hefur verið reikniregla til að áætla heildarakstur og aksturstimma íbúa vegna þjónustusóknar úr heimabyggð. Notuð eru gögn um búsetu, þjónustustað og tíðni notkunar á viðkomandi þjónustuþætti og ef raungögn vantar eru niðurstöður þjónustukönnunar Byggðastofnunar nýttar. Kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu verður áætlaður árið 2025 og kostnaður vegna annarrar þjónustusóknar, s.s. mennta- og félagsþjónustu, verður reiknaður síðar.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 5 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 5 m.kr.

B. Jafna tækifæri til atvinnu

B.1 Þrífösun og jarðstrengjavæðing – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að afhendingaröryggi raforku verði aukið, aðgengi að áreiðanlegri orku á landsvísu jafnað, búsetuskilyrði bætt og atvinnutækifæri eflid.	Staða – í vinnslu: Í samræmi við tillögur átakshóps frá árinu 2020 er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2021-2025 verði sérstöku fjármagni varið úr ríkissjóði í átak til að flýta fyrir jarðstrengjavæðingu og þrífösun dreifikerfis raforku. Framkvæmdirnar lúta nær alfarið að dreifbýlishluta dreifikerfa RARIK og Orkubús Vestfjarða. Unnið er skv. verkefnalista um hröðun strenglagna, sem samþykktur var árið 2021 þar sem heildarkostnaður RARIK er áætlaður um 1.800 m.kr. án vsk. (360 m.kr. á ári) og heildarkostnaður OV um 500 m.kr. (100 m.kr. á ári.). Stjórnvöld hafa styrkt þetta verkefni um samtals 500 m.kr. Þar af hafa 130 m.kr. þegar komið af byggðaáætlun.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 130 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 275 m.kr.
B.2 Orkuskipti og betri orkunýting – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að orkuöryggi á landsvísu verði aukið og stutt við orkuskipti í samræmi við markmið Orkustefnu um að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2040.	Staða – í vinnslu: Orkusjóður úthlutar árlega styrkjum til verkefna sem styðja við orkuskipti og innviðum þeim tengdum. Sjóðurinn hefur fengið stigvaxandi fjármagn til úthlutunar undanfarin ár. Beinir styrkir til rafbilakaupa frá sjóðnum eru stuðningur sem tók við eftir að vsk. afsláttur var felldur niður. Í ágúst 2024 var ákveðið að veita 1.342 m.kr. í almenna styrki til orkuskipta. Auglýst var eftir styrkveitingum í þrem flokkum: Fyrir innviði fyrir rafknúin farartæki, raf- og lífildsneytisframleiðslu og lausnir sem draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Í lok árs 2024 auglýsti Orkusjóður styrki til kaupa á hreinorku hópferðabifreiðum, fyrir bæði almennings-samgöngur og ferðaþjónustu. Í apríl 2024 var gefin út skýrsla starfshóps um bættu orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar og er þar að finna um 50 tillögur um leiðir til bættrar orkunýtingar og orkuöflunar, en starfshópnum var falið að skoða sérstaklega sólarorku (birtuorku), sjávarorku og smávirkjanir fyrir vatnsafl sem leiðir til orkuöflunar.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 0
B.3 Efling nýsköpunar í byggðum landsins – Ábyrgð: HVIN			
Markmið: Að komið verði á fót stafrænni nýsköpunar-gátt fyrir frumkvöðla og fræðslu- og stuðnings-aðila nýsköpunar um land allt.	Staða - lokið: Nýsköpunarvefurinn skapa.is fór í loftið í maí 2024 og er ætlaður frumkvöðlum, fræðslu- og stuðningsaðilum nýsköpunar um land allt. Vefurinn er í sífelldri þróun og verður haldið úti af skapa.is skv. samningi við ráðuneytið. Á vefnum eru ýmsar upplýsingar og hægt að leita eftir stuðningi, viðburðum og upplýsingum um nýsköpun eftir landsvæðum. Unnið var með landshlutasamtökum sveitarfélaga um efnistösk og innihald síðunnar.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 2,5 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 15 m.kr.

B.4 Stafrænt forskot – Ábyrgð: HVIN			
Markmið: Að fyrirtæki nýti stafræna tækni til vaxtar og viðnámsþróttar í ört breytilegu viðskipta-umhverfi.	Staða: Námskeiðið Stafrænt forskot hefur ekki verið haldið síðan Nýsköpunarmiðstöð var lögð niður. Í ljósi tæknibreytinga ákvað HVIN að setja fókus á að vinna aðgerðaráætlun um gervigreind. Þar er m.a. unnið að því að búa til vefsíðu sem verður miðlægur vettvangur um málefni gervigreindar á Íslandi með það að markmiði að hraða ábyrgri upptöku gervigreindar hjá fyrirtækjum og samfélaginu almennt. Vettvangurinn mun innihalda leiðbeiningar um hvernig fyrirtæki og stofnaðir geta nýtt sér gervigreind, dæmi um vel heppnaðar gervigreindarinnleiðingar auk leiðbeininga um fyrirhugaða löggjöf um gervigreind.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 12 m.kr.
B.5 Greining atvinnusóknar – Ábyrgð: FJR			
Markmið: Að ferðaleiðir verði greindar vegna atvinnusóknar, þ.e. ferða milli heimilis og vinnustaðar.	Staða – í vinnslu: Byggðastofnun hefur í samstarfi við FJR unnið að framgangi aðgerðarinnar, sem felst í að skilgreina staðfang vinnustaðar og tíðni ferða milli heimilis og vinnustaðar. Það hefur tafið framgang verkefnisins að FJR fer ekki með málefni fyrirtækjaskrár og því hefur FOR ásamt Hagstofu komið að málinu. Samtal er í gangi um tæknilegar útfærslur milli aðila.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 2 m.kr.
B.6 Staðarval ríkisstarfa – Ábyrgð: FOR			
Markmið: Að dreifing starfa á vegum ríkisins verði jöfnuð og stuðlað að fjölbreyttu atvinnulífi sem víðast um landið.	Staða – í vinnslu: Aðgerðin tengist aðgerð B.7 Óstaðbundin störf. Til að styðja við byggðaþróun og valfrelsi í búsetu skal jafnframt meta með hlutlægum hætti hvort staðsetja megi nýja eða breytta starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 0
B.7 Óstaðbundin störf – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að búsetufrelsi verði eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.	Staða – í vinnslu: Til að annast framkvæmd aðgerðarinnar skipaði ríkisstjórnin framkvæmdahóp sem tók til starfa vorið 2023. Hópurinn er skipaður fulltrúm frá IRN, FOR og FJR. Aðgerðin er unnin í samráði við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Byggðastofnun, mannauðsstjóra ráðuneyta, Félag forstöðumanna ríkisstofnana o.fl. Haustið 2023 var samið við RHA um framkvæmd könnunar um óstaðbundin störf. Þar var m.a. greint hvaða störf eru staðbundin/óstaðbundin og leitað eftir viðhorfi stjórnenda. Niðurstöður lágu fyrir í mars 2024 og voru bornar saman við könnun sem gerð var 2020. Þá fékk RHA styrk af byggðaaáætlun og frá byggðarannsóknasjóði til að rannsaka reynslu af óstaðbundnum störfum. Niðurstöðurnar voru gefnar út í skýrslu í október 2024. Haustið 2024 var ákveðið að veita 150 m.kr. af byggðaaáætlun til að fjölga óstaðbundnum störfum á landsbyggðinni. Ríkisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu geta sótt um styrk vegna starfa sem ráðið verður í utan þess svæðis, eða ef starfsmaður flytur á	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 111 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 298 m.kr.

	landsbyggðina, og er styrknum ætlað að koma til móts við ferðakostnað og leigu á aðstöðu í vinnustaðaklösum. Veita má styrk til stofnunar vegna starfs til allt að þriggja ára og nemur stuðningur við hvert starf að hámarki 2 m.kr. á ári. Fyrstu samningarnir voru undirritaðir hjá Sýslumanninum á Húsavík í byrjun desember 2024. Árangur af verkefninu verður metinn fyrir lok árs 2025. Þá hefur Byggðastofnun uppfært kortagrunn með mögulegar starfsstöðvar fyrir óstaðbundin störf.		
B.8 Miðstöð norðurslóðamála – Ábyrgð: UTN			
Markmið: Að staða Akureyrar sem miðstöðvar norðurslóðamála á landsvísu verði styrkt og samstarf þeirra fjölmörgu aðila sem hafa aðkomu að málaflokknum eftt.	Staða – í vinnslu: Á vegum Norðurslóðanets Íslands hafa verið skipulagðir 18 þematískir vefviðburðir á <u>Share your North</u> vettvanginum með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga og í samvinnu við fjölbreytta aðila. Þar af voru á árinu 2024 skipulagðir sex viðburðir um málefni orku, vísinda, kynja, ungmenna og öryggis. Meðal samstarfsaðila voru WIRE (Women in Renewable Energy), ArcticNet, Arctic Eieder Society, Sendiráð Kanada á Íslandi, Sendiráð Íslands í Kanada, Polar Knowledge, Háskólinn á Akureyri, Varðberg, utanríkisráðuneytið og sendiráð Noregs á Íslandi og SSNE. Kortlagningu norðurslóðatengdra starfsemi á Norðausturlandi er lokið og skýrsla aðgengileg á vef Norðurslóðanetsins.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 6 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 9 m.kr.
B.9 Stefnumótun og hlutverk menningarstofnana – Ábyrgð: MVF			
Markmið: Að starfsemi menningarstofnana á landsbyggðinni verði efl.	Staða – í vinnslu: Aðgerðin er unnin árin 2024-2025. MVF gerði samning við Austurbrú um framkvæmdina fyrir hönd landshlutasamtaka sveitarfélaga. Lokaafurðin verður birt fyrri hluta árs 2025 og mun innihalda drög að stefnumótun og skilgreiningu á hlutverkum menningarmiðstöðva og sambærilegra stofnana á landsvísu líkt og gert er í nágrannalöndunum. Sérstaklega verði litið til samþættingar við sóknaráætlun viðkomandi landshluta.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 8 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 10 m.kr.
B.10 Nýting menningarminja – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að menningarminjar til stuðnings byggðaþróun verði nýttar, einkum á svæðum sem standa höllum fæti í byggðarlegu tilliti.	Staða – í vinnslu: Árið 2023 var verkefninu breytt og kortlagning menningarminja varð meginviðfangsefnið. Hófst þá vinna við ítarlega fornleifaskráningu á Langanesi, sem tengist hugmyndum frá heimamönnum um friðlýsingu svæðis á norðanverðu Langanesi. Áætluð verklok eru á árinu 2025.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 7,5 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 12,5 m.kr.
B.11 Fluggáttir – Ábyrgð: MVF			
Markmið: Að ferðamenn dreifist jafnar um landið.	Staða – lokið: Flugþróunarsjóður hóf starfsemi árið 2016. Áhugi erlendra aðila á að bjóða upp á beint millilandaflug til Akureyrar hefur farið vaxandi og árið 2024 voru fjögur fyrirtæki sem fengu stuðning úr sjóðnum, þ.m.t. Easyjet sem fékk	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 0

	<p>hæsta fjárstuðning ársins. Árið 2024 er áætluð koma tæplega 11 þúsund farþegar til Akureyrar með beinu millilandaflugi þeirra sem fengið hafa styrk úr sjóðnum. Þá styður sjóðurinn við samstarfsverkefnið Nature Direct, sem gengur út á að kynna áfangastaði á Norður- og Austurlandi fyrir erlendum ferðafjónustuaðilum. Með fjárlögum ársins 2024 fékk sjóðurinn sérstakt fjárlaganúmer og tók Ferðamálastofa þá við umsýslu sjóðsins og var fjárveitingin 150 m.kr. Skv. fjárlögum ársins 2025 hækkar fjárveiting til sjóðsins í 240 m. kr.</p>		
--	---	--	--

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða

C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða – Ábyrgð: IRN			
<p>Markmið: Að heimafólki verði færð aukin ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og sóknaráætlanir landshluta verði tengdar við byggðaáætlun.</p>	<p>Staða – í vinnslu: Árlega hefur innviðaráðherra veitt 130 m.kr. úr samkeppnisþotti til landshlutasamtaka sveitarfélaga til að styðja við verkefni sem nýstast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutanum í heild. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf með gerð viðaukasamninga við sóknaráætlanir. Árið 2022 fóru styrkirnir til átta verkefni í þremur landshlutum, árið 2023 voru það 12 verkefni í sjö landshlutum og árið 2024 10 verkefni í sjö landshlutum. Styrkjum vegna ársins 2025 verður úthlutað í febrúar.</p>	<p>Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 390 m.kr.</p>	<p>Áætlað framlag 2022-2026: 700 m.kr.</p>
C.2 Brothættar byggðir – Ábyrgð: IRN			
<p>Markmið: Að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum.</p>	<p>Staða – í vinnslu: Árið 2024 var Byggðastofnun í samstarfi við fjögur byggðarlög. Frá árinu 2013 hafa 14 byggðarlög tekið þátt. Þar sem stofnunin er ekki lengur formlegur þátttakandi í verkefnum er áfram náið samstarf. Þátttöku Árneshrepps lauk í júní 2024 og í lok árs 2024 lauk formlegri þátttöku Strandabyggðar og Bakkafjarðar, eftir eins árs framlengingu á báðum stöðum. Samstarf hófst í Reykhólahreppi í lok árs 2024. Árið 2024 var farið yfir verklag og m.a. skoðuð sambærileg verkefni í nágrenni. Þegar hefur framlag verið hækkað í frumkvæðissjóði til að styðja við framfaraverkefni í hverju byggðarlagi. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti í september 2024 að leggja aukaframlag frá stofnuninni að upphæð samtals 135 m.kr. til Brothættra byggða árin 2025-2027.</p>	<p>Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 360 m.kr.</p>	<p>Áætlað framlag 2022-2026: 600 m.kr.</p>
C.3 Grænt og snjallt Ísland – Ábyrgð: URN			
<p>Markmið: Að nýttar verði snjallar og grænar lausnir til að efla atvinnulíf og samfélag.</p>	<p>Staða – lokið: Verkefnisstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur komið á samstarfi milli sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, ríkisstofnana og annarra aðila við að sækja um styrki í Evrópusjóði fyrir græn verkefni.</p>	<p>Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 5 m.kr.</p>	<p>Áætlað framlag 2022-2026: 5 m.kr.</p>

C.4 Borgarstefna – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að stærstu þéttbýlis- svæðin verði eflað og samkeppnishæfni þeirra og hlutverk í byggða- þróun landsins styrkt.	Staða – lokið: Starfshópur ráðherra um mótun borgarstefnu skilaði tillögum sínum í júní 2024. Hópurinn var skipaður fulltrúum ráðherra, Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og landshlutasamtaka sveitarfélaga á báðum svæðum og hafði það hlutverk að móta stefnur sem skilgreina hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar og Akureyrar sem svæðisborgar. Áhersla hópsins var á samráð og samhæfingu við aðrar stefnur og áætlanir ríkis og sveitarfélaga, sem og að kortleggja áskoranir og tækifæri á hvoru svæði. Á grundvelli vinnu starfshópsins hefur tillaga til þingsályktunar um borgarstefnu verið mótuð. Gert er ráð fyrir að tillaga til þingsályktunartillaga um borgarstefnu verði lögð fram á Alþingi í byrjun árs 2025.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 10 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 4 m.kr.
C.5 Húsnæðismál – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að tryggt verði nægilegt framboð af fjölbreyttu íbúðarhúsnæði með fjölgun íbúða á svæðum þar sem skortur á hentugu húsnæði hamlar eðlilegri framþróun og uppbyggingu atvinnulífs	Staða – í vinnslu: Í nánú samstarfi við sveitarfélög á landsbyggðinni er unnið að því að fjölga íbúðum í samræmi við þörf á hverju svæði. Áhersla er lögð á að auka fjölbreytni í vali og sérstök áhersla lögð á fjölgun íbúða fyrir fólk sem stendur hallari fæti á húsnæðismarkaði. Flest verkefni eru unnin undir hatti <i>Tryggðar byggðar</i> sem er samstarfsvettvangur um húsnæðisuppbyggingu á landsbyggðinni og telja uppbyggingarverkefni um 1300 íbúðum í 45 sveitarfélögum. Árið 2024 voru haldnir kynningarfundir í öllum átta landshlutnum þar sem farið var yfir stöðu, áskoranir og framfarhorfur íbúðaupbyggingar ásamt því hvaða verkefni væru í gangi innan <i>Tryggðar byggðar</i> á hverjum stað og kynnt voru úrræði sem HMS hefur uppá að bjóða.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 7,5 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 12,5 m.kr.
C.6 Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að raunhæfar og markvissar húsnæðisáætlanir verði í gildi hjá öllum sveitarfélögum á stafrænu formi og þær endurskoðaðar árlega.	Staða – í vinnslu: Stafrænt áætlanagerfi var innleitt árið 2022. 62 af 64 sveitarfélögum landsins staðfestu endurskoðun fyrir 2024 og ná áætlanirnar til 99,8% af íbúum landsins. HMS vinnur nú með sveitarfélögum að endurskoðun og uppfærslu húsnæðisáætlana fyrir 2025, sem skulu liggja fyrir 20. janúar ár hvert. Niðurstöður húsnæðis- áætlana eru í mælaborði HMS. Þar er m.a. spá um þróun mannfjölda, áætlun um hversu margar íbúðir verði þörf fyrir á næstu árum og hvernig sveitarfélögin hyggist skapa skilyrði til upp- byggingar með framboði byggingarhæfra lóða.	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 7,5 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 12,5 m.kr.
C.7 Efling fjölmiðlunar í héraði – Ábyrgð: MVF			
Markmið: Að öflugir fjölmiðlar um land allt verði stöð undir lýðræðislega umræðu og fjölbreyttan fréttaflokkning.	Staða – í vinnslu: Á árunum 2022-2024 hefur MVF veitt samtals 25,5 m.kr. í styrki til staðbundinna fjölmiðla á landsbyggðinni, skv. reglum nr. 1265/2022 og nr. 1290/2023. Árið 2022 fengu níu útgáfufélög styrk, samtals 5,5 m.kr. Árið 2023 fengu sjö	Framlag af byggðaáætlun 2022-2024: 7,5 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 12,5 m.kr.

	félög styrk, samtals 7,5 m.kr. og árið 2024 fengu 11 félög styrk, samtals 12,5 m.kr.		
C.8 Sjálfbær samfélög - efling hringrásarhagkerfis – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda við meðhöndlun úrgangs, unnið að kolefnishlutleysi Íslands og dregið úr myndun úrgangs. Enn fremur að endurvinnsla og önnur endurnýting verði aukin, dregið úr urðun og urðun lífbrjótanlegs úrgangs hætt.	Staða – í vinnslu: Á árinu 2024 var áfram unnið að undirbúningi Líforkuvers á Dysnesi og söfnunarkerfi fyrir dýraleifar. Þá hafa nýsköpunarverkefni Blámi, Eimur, Orkídea og Eygló unnið að hringrásarverkefnum, einkum tengdum tækifærum í lífgasframleiðslu. Undir hatti Hringrásarklasans hefur verið unnið að nýsköpunarverkefnum til þess að efla hringrásarhagkerfið.	Framlag af byggðaaætlun 2022-2024: 45 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 85 m.kr.
C.9 Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að þáttur náttúruverndar í byggðapróun verði efldur.	Staða – í vinnslu: Tvíþætt aðgerð. Annars vegar er unnið að heimsóknahönnun fyrir friðlandið Andakíl og hins vegar undirbúningi að náttúruvannsóknastöð við Bakkafjörð. LBHÍ vinnur verkefnið í Andakíl í samstarfi við UST, áætluð verklok eru í febrúar 2025. Verkefnið á Bakkafirði var unnið af SSNE í samstarfi við ráðuneytið og lauk því vorið 2024.	Framlag af byggðaaætlun 2022-2024: 12 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 30 m.kr.
C.10 Áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélög – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að heildræn nálgun á aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga verði mótuð.	Staða – í vinnslu: Aðgerðin er komin vel á veg. Búið er að halda vinnustofur með þátttökusveitarfélögunum fimm (Akureyrarbær, Reykhólahreppur, Fjallabyggð, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Hornafjörður) þar sem skimað var fyrir helstu aðsteðjandi áhættum tengdum loftslagsbreytingum. Út frá niðurstöðum var ákveðið að staðfæra RAST aðferðafræðina (Regional Adaptation Support Tool) að íslenskum aðstæðum. RAST er verkfæri sem tekur mið af ákveðnum atriðum hjá sveitarfélaginu m.t.t. þeirrar náttúruvár sem verið er að skoða. RAST nýtist sveitarfélögum til að greina tjónnæmi og aðlögunargetu út frá tölulegum skala. Gildin eru sameinuð til að fá út heildarmat á viðkvæmni sveitarfélags gagnvart áhrifum náttúruvár. Búið er að greina þessi atriði með sveitarfélögunum og útbúa mat fyrir hvert þeirra. Að meðaltali er viðkvæmni metinn 3,7 af 5 mögulegum, sem þýðir að viðkvæmni sveitarfélaganna gagnvart loftslagstengdri náttúruvá er mikil. Haldnar hafa verið vinnustofur til að aðstoða sveitarfélögin við að kanna hvaða aðlögunarmöguleikar og aðgerðir standa þeim til boða og hvernig megi koma þeim inn í stefnur, áætlanir og í framkvæmd. Vonir standa til að aðlögunarmöguleikar og aðgerðir sem hafa orðið til í samstarfi við sveitarfélögin verði grunnur að frekari samtali og	Framlag af byggðaaætlun 2022-2024: 0	Áætlað framlag 2022-2026: 0

	ákvarðanatöku sveitarfélaganna til að framkvæma nauðsynlegar aðlögunaraðgerðir.		
C.11 Bætt landnotkun sveitarfélaga – Ábyrgð: MAR			
Markmið: Að binding kolefnis verði aukin og dregið úr losun gróðurhúsa-lofttegunda frá landi með breyttri landnotkun.	Staða – í vinnslu: Aðgerðin er í umsjón Lands og skógar. Á árinu 2024 var unnið að útfærslu á svæðisáætlun fyrir Reykjanesbæ um bættu landnotkun í þágu loftslagsmála. Sú svæðisáætlun er í meginráttum fullbúin, en hefur ekki enn verið birt eða samþykkt endanlega af hálfu Reykjanesbæjar. Áætlað er að leita samstarfs við fleiri sveitarfélög og/eða landshluta á árinu 2025 um vinnslu sambærilegra áætlana. Gert er ráð fyrir að bæta við áherslu á aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum í þeirri vinnu.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 15 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 25 m.kr.
C.12 Uppsetning og rekstur matvælakjarna – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að nýsköpun og vöruþróun heima í héraði verði styrkt og stutt við matarfrumkvöðla með bættri og útbreiddari aðstöðu.	Staða – í vinnslu: Árið 2024 var hafinn undirbúningur að Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði – vottuðu vinnslurými sem hefur það hlutverk að bæta nýtingu og skapa verðmæti úr afurðum af sjó og landi, hliðarafurðum sem annars verða að úrgangi og glatvarma sem annars hverfur ónýttur til sjávar. Verkefnisstjóri var ráðinn til starfa og hóf hann störf í október. Nýtingarmiðstöðin verður í afmörkuðu húsnæði á jarðhæð í fyrrverandi Sláturhúsi Vopnafjarðar og með skrifstofu- og kaffiaðstöðu á 2. hæð í húsnæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi Vopnafjarðarhrepps, Austurbrúar, Brims hf. og URN.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 10 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 20 m.kr.
C.13 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að þekkingargrunnur stefnumótunar og framkvæmdar á sviði byggðamála verði styrktur.	Staða – í vinnslu: Tölulegar upplýsingar á sviði byggðamála eru birtar í mælaborðum Byggðastofnunar og er ætlað að gefa einfalt og myndrænt yfirlit yfir ýmis byggðatengd gögn s.s. um íbúaupróun, orkukostnað, fasteignagjöld heimila, fjölda stöðugilda á vegum ríkisins, tekjur einstaklinga eftir svæðum og breytingar á íbúafjölda sveitarfélaga og landshluta. Gerð voru kynningarmyndbönd um mælaborðin sem sýna notkunarmöguleika þeirra. Upplýsingar um húsnæði fyrir óstaðbundin störf eru aðgengilegar á Þjónustukorti Byggðastofnunar. Kortið, sem er uppfært reglulega, sýnir aðgengi landsmanna að einkaaðila og er ætlað að bæta yfirsýn og skapa grundvöll fyrir aðgerðir sem tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað. Árið 2024 var safnað gögnum um þjónustusókn íbúa á landsbyggðinni, kannað hverjar væntingar þeirra eru til breytinga á framboði þjónustu og hversu ánægðir þeir eru með þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Niðurstöður verða birtar í skýrslu og mælaborði. Árið 2024 var gefin út stöðugreining landshluta sem lýsir stöðu helstu þátta er lúta að lífsgæðum og aðstæðum til búsetu.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 75 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 125 m.kr.

C.14 Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi – Ábyrgð: IRN			
Markmið: Að þekkingar- grundvöllur stefnumótunar og framkvæmdar á sviði byggðamála verði styrktur með aðgengi að alþjóðlegum straumum og stefnum á því sviði.	Staða – í vinnslu: Ísland tekur virkan þátt í <i>Norræna Atlants- samstarfinu (NORA)</i> sem tekur til Íslands, Færeyja, Grænlands og strandhéraða Noregs, <i>Norðurslóðaáætlun ESB (NPA)</i> sem er samstarfsvettvangur Írlands, Svíþjóðar, Finnlands, Noregs, Færeyja, Grænlands og Íslands og <i>European Territorial Observatory Network (ESPON)</i> sem er samstarf ESB og EES ríkja. Á árunum 2022-24 hefur NORA styrkt 60 verkefni, þ.a. er íslensk þátttaka í 50. Ísland veitti NORA forystu 2023-24 og skipulagði m.a. lausnamót fyrir ungmenni frá Norðurlöndum um málefni tengd nýtingu hafsins og tók þátt í hátíðinni sjávarréttahátíðinni Matey. Báðir viðburðir voru í Vestmannaeyjum. Á árunum 2022-24 hefur NPA samþykkt 41 verkefni, þ.a. eru íslenskir aðilar í 34. Þessi mikla þátttaka hefur leitt til þess að fjármunir Íslands eru búnir, en Evrópusambandslöndin í NPA ákváðu að nýta eigin fjármuni, um 1,4 milljón evra í desember 2024, til að styrkja íslenska þátttakendur. Haustið 2024 var haldið verkefnastefnumót á Laugarbakka fyrir íslensku NPA þátttakendurnar sem tókst vel og stefnt á að halda það árlega. ESPON miðar að því að efla magn og gæði byggðarannsóknna og greiða aðgengi stjórnvalda að þeim. Innleiðing ESPON 2030 verkefnisins fór hægt af stað. Byrjað er að vinna með tvö af átta þemum verkefnisins. Ísland hefur ekki verið þátttakandi verkefnum í núverandi áætlun en verið er skoðað mögulega aðkomu íslenskra þátttakenda. Þá tekur Ísland virkan þátt í starfi <i>Nordregio</i> en hlutverk þess er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 246 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 410 m.kr.
C.15 List fyrir alla – Ábyrgð: MRN			
Markmið: Að öllum árgöngum grunnskóla verði gert kleift að njóta listverkefna á vegum Listar fyrir alla.	Staða – í vinnslu: Öllum grunnskólum landsins standa til boða heimsóknir listamanna úr ólíkum listgreinum, sem 90% skóla nýta. Laun listamanna og upphald er kostað af verkefninu. Skólaárið 2023–2024 voru 15 verkefni á ferðinni um landið sem tæplega 11 þúsund nemenda nutu og 80 listamenn kom fram. List fyrir alla tekur þátt í margs konar samstarfi við menningarstofnanir á landsvísu svo og erlendu samstarfi til að jafna enn frekar aðgengi barna að menningu og listum, óháð búsetu og efnahag.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 15 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 25 m.kr.
C.16 Jafnrétti í sveitarstjórnnum – Ábyrgð: FOR			
Markmið: Að sveitarstjórnir verði efldar og aukin vitund sköpuð um mikilvægi fjölbreyttra sjónarmiða innan þeirra.	Staða – í vinnslu: Í byrjun árs 2024 var lokið við stutt viðtöl við kjörinna fulltrúa af erlendum uppruna og niðurstöður teknar saman. Undirbúningur fyrir vinnustofu með kjörnum fulltrúum fór í gang á vordögum 2024. Leitað var eftir fulltrúum frá 2-	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 2,3 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 3 m.kr.

	5 sveitarfélögum til að taka þátt í gerð gátlista eða handbókar um hvernig hægt er að ýta undir þátttöku fólks með fjölbreyttan bakgrunn í stjórnun sveitarfélaga. Fimm kjörnir fulltrúar frá fimm sveitarfélögum tóku þátt í vinnustofu í nóvember sem Kveikja stýrði og hélt utan um ásamt sérfræðingi Jafnréttisstofu. Unnið er að gátlista sem veður birtur og kynntur sveitarstjórnnum vorið 2025.		
C.17 Grænir iðngarðar – Ábyrgð: URN			
Markmið: Að nýta betur tækifæri til uppbyggingar grænnar atvinnu- starfsemi sem byggist á svæðisbundnum styrkleikum.	Staða – í vinnslu: Á vegum Græna dregilsins hafa verið skoðuð tækifæri sem felast í grænum iðngörðum í tengslum við grænar fjárfestingar. Í lok árs 2024 var tekin ákvörðun um að leggja stýrihópinn niður. Gert er ráð fyrir að URN skoði með Íslandsstofu og Grænvang leiðir til þess að auka fjárfestingar í grænum lausnum til þess að fjölga störfum með áherslu á græna nýsköpun, aukna framleiðni og virkjun hugvits til þess að stuðla að hringrásarhagkerfi og kolefnishlutleysi.	Framlag af byggðaaáætlun 2022-2024: 1 m.kr.	Áætlað framlag 2022-2026: 1 m.kr.